

3. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 05.08 2014, kl. 13.30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf. Þorvarður Ingimarsson boðaði forföll og mætir Gunnar Gunnarsson 2. varamaður í hans stað.

Oddviti setti fundinn og bauð Gunnar Gunnarsson velkominn til starfa í sveitarstjórn, en hann situr nú sinn fyrsta sveitarstjórnarfund.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla oddvita**
- 2. Tillaga að Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030**
 - a) Umsögn Umhverfisstofnunar dags. 09.07
 - b) Drög að svörum við athugasemdum
- 3. Hengifoss**
 - a) Drög að samningi um deiliskipulagsgerð
 - b) Tillaga að vatnsbóli fyrir ferðamannaaðstöðu við Hengifossá
- 4. Bréf**

Landgræðsla ríkisins/Guðmundur Stefánsson sviðsstjóri landverndarsviðs dags. 16.07
- 5. Fjárbeiðnir**
 - a) Jónas Bragi, Tryggvi Þór og Hafsteinn Máni Hallgrímssynir
 - b) Ferðafélag Fljótsdalshéraðs
- 6. Fundargerðir**
 - a) Byggingar-og skipulagsnefnd 28.07
 - b) Atvinnuþróunarsjóður Austurlands 26.06
 - c) Fjallskilanevnd 31.07
- 7. Ráðningarsamningar við oddvita og varaoddvita**
- 8. Önnur mál**
- 1. Skýrsla oddvita**

Frágangur á ýmsum gögnum og munum hefur staðið yfir í Hallormsstaðaskóla í sumar , vegna þeirra tímamóta að skólinn starfar ekki lengur sem sjálfstæð stofnun. Eitthvað af gögnum verður varðveitt á Héraðsskjalasafninu s.s mynda-og kvikmyndasafn.

28. júlí var fundað um málefni kyndistöðvar Hallormsstað og efnisöflun fyrir stöðina. Verið er að leita leiða til að fjármagna kaup á kurlara, en verktaki sem annast hefur um kurlun hefur sagt upp störfum og kurlari sá sem notaður hefur verið er lélegur. Kyndistöðin hefur verið rekin með tapi undanfarin ár og ekki sjáanleg batamerki á rekstrinum , auk þess sem vænta má minni orkusölu þar sem skólastarf verður dregið saman í grunnskólahúsnæðinu.

Nauðsynlegt er að koma upp baktryggingu ef svo kynni að fara að kyndari bilar og er verið að skoða hvernig leysa megi þau mál með sem hagkvæmastum hætti.

Árleg útimessa í Valþjófsstaðaprestakalli verður að þessu sinni í Fjallaskarði sunnudaginn 10. ágúst og nýr skáli fær húsþessun sóknarprests við þetta tækifæri.

Fljótsdalsdagur Ormsteitis er sunnudaginn 24.ágúst og verður dagskrá að mestu með hefðbundnu sniði, en einnig stendur til að vígja kláf milli Glúmsstaðasels og Kleifar, yfir Jökulsá, á Fljótsdalsdeginum.

2. Tillaga að Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030

Óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um aðalskipulagstillöguna í febrúar 2014. Þar sem umfjöllun um raflínur breyttust á síðari stigum aðalskipulagsvinnunnar, var í maí 2014 aftur óskað umsagnar Umhverfisstofnunar. Ný umsögn er dags. 09.07. Umhverfisstofnun tekur að ýmsu leyti undir sjónarmið Fljótsdalshrepps, að reyna að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum mannvirkja fyrirhugaðrar Kröflulínu 3, eins og kostur er og að jafnframt verði allir kostir sem til greina koma skoðaðir vandlega. Umhverfisstofnun hefur hins vegar ákveðnar efasemdir um hvort unnt verði að leggja jarðstreng niður hliðar Valþjófsstaðafjalls, án þess að slíkri framkvæmd fylgi umtalsvert jarðrask. Að öðru leyti gerir stofnunin ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

Farið yfir drög að svörum við þær athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma aðalskipulagstillögunnar og oddvita falið, í samráði við lögfræðing sveitarfélagsins og Landmótun að fullvinna svörin. Málið verður til afgreiðslu hjá sveitarstjórn á aukafundi sem haldinn verður mánudaginn 11. ágúst n.k. .

3. Hengifoss

- a) Drög að samningi um deiliskipulagsgerð. Kynnt drög að samningi við Mannvit verkfræðistofu, um umsjón og gerð deiliskiplags fyrir Hengifossárgil og nærsvæði. Drögin samþykkt og oddvita falið að skrifa undir samning. Áætluð samningsgreiðsla er kr. 1.800.000,- án vsk.og verktími til 31. janúar 2015.
- b) Tillaga að vatnsbóli fyrir ferðamannaáðstöðu við Hengifossá. Kynnt skýrsla unnin af Jarðfræðipjónustu Hauks Jóhannessonar.

4. Bréf

Landgræðsla ríkisins/Guðmundur Stefánsson sviðsstjóri landverndarsviðs dags. 16.07. Kynnt, varðar landbótaáætlanir, en á ekki við um Fljótsdalshrepp.

5. Fjárbeiðnir

- a) Jónas Bragi, Tryggvi Þór og Hafsteinn Máni Hallgrímssynir, sækja um styrk til farar á vegum UMFÍ, í ungmennabúðir í Noregi. Samþykkt að styrkja bræðurna um samtals 75.000 kr..
- b) Ferðafélag Fljótsdalshéraðs. Samþykkt að styrkja félagið um 25.000 kr. vegna Perluleiks 2014.

6. Fundargerðir

- a) Byggingar-og skipulagsnefnd 28.07. Í fundargerð kemur fram að Eiríkur J. Kjerúlf var kjörinn formaður og Helga H. Vigfúsdóttir var kjörin varaformaður.

Liður 4. Óskað er eftir leyfi fyrir byggingu í heimilisgarði að Víðivöllum fremri. Nefndin samþykkir stöðuleyfi til eins árs.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina og afgreiðslu nefndarinnar. Sveitarstjórn vill benda á að ætlast er til að þeir sem undirriti fundargerð sitji viðkomandi fund.

- b) Atvinnuþróunarsjóður Austurlands 26.06. Kynnt.
- c) Fjallskilanefnd 31.07. Kynnt. Réttað verður í Melarétt 20 september kl. 13:00. Fjallskilanefnd óskar eftir fjárveitingu vegna smölunar á Hraunum. Sveitarstjórn samþykkir fjárveitingu fyrir þetta ár, en telur eðlilegt að framvegis verði farið með smölun á þessu svæði eins og aðra afrétti.

Oddviti vikur af fundi og varaoddviti tekur við fundarstjórn

7. Ráðningarsamningar við oddvita og varaoddvita

Farið yfir drög að samningi við oddvita um fullt starf frá 1. júlí 2014 til 30. júní 2018. Samþykkt og varaoddvita falið að undirrita samninginn.

Oddviti kemur aftur til fundar og varaoddviti vikur af fundi. Oddviti tekur við fundarstjórn og fundarritun.

Farið yfir drög að samningi við varaoddvita, er snýr að afleysingu vegna orlofstöku oddvita. Samþykkt og oddvita falið að undrita samninginn.

Lárus kemur aftur til fundar og tekur við fundarritun.

8. Önnur mál

- a) Fyrirspurn barst um það hvaðan hey sem flutt var í Fjallaskarð vegna hestaferða er komið. Oddvita falið að kanna málið.
- b) Anna Jóna nefndi ástand veitingabúnaðar í Végarði. Eftir allnokkra umræðu var samþykkt að óska eftir að húsnefnd fjalli um málið og geri tillögur um úrbætur.
- c) Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun stendur til fara í aðgerðir á þessu ári, til að verja land Vallholts fyrir landbroti.
- d) Sveitarstjórnarmenn hafa til afnota fartölvur í eigu Fljótsdalshrepps. Á fundinum var Eiríki Kjerúlf afhent ný fartalva, þar sem fráfarandi sveitarstjórnarmaður hefur óskað eftir að fá að kaupa tölvu þá er hann hafði til afnota.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.40.

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Gunnar Gunnarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)